

## SVÓT greining

Tilgangur þessarar vinnulotu er að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í málaflokki starfshópsins. Styrkleikar og veikleikar eru þættir í innra umhverfi sveitarfélaganna – hlutir sem sveitarfélögin geta tekið ákvörðun um að breyta t.d. varðandi þjónustu, mönnun, reynslu, þekkingu og fleira. Ógnanir og tækifæri eru þættir í ytra umhverfi sveitarfélaganna og sveitarfélögin geta ekki breytt á auðveldan hátt, t.d. lög, reglur, atvinnuuppbygging, þjónusta ríkisins og fleira.

### Staðan í dag:

#### Atvinnuþróun

- Fjölbreyttari störf, fleiri atvinnuvegi.
- Vantar fjölbreyttari störf fyrir ungt fólk, konur og eldri karlmenn og lítið menntaðar konur.
- Við erum á töluvert betri stað atvinnulega en fyrir 10 árum. Störfin voru ekki til fyrir 10 árum. Möguleikar sem hafa komið með eldinu, þá hafa konur með háskólamenntun getað unnið í háskólamenntuðum þar. Þar eru líka störf fyrir ómenntaða unga karlmenn sem hafa náð að vinna sig upp.
- Ferðaðþjónusta hefur jafnframt aukist á svæðinu og bætt við fjölbreytileika starfa.
- Hugmyndir um námsbrautir erum við að styðja við atvinnuþróun og nýsköpun fyrir þennan hóp.
- Skortur á góðu netsambandi. Þau gervitungl sem er verið að setja á loft bæta 5G sambandið.

#### Byggðarþróun

- Byggðarþróunin, að íbúar séu 55% karlar í Vesturbyggð sem kemur með því að aðeins einn hluti af eldinu sé á svæðinu.
- Húsnæðisskortur.
- Byggðarþróun og atvinnuþróun í sveitunum sé í alvarlegri stöðu, hert að fjárbúskap. Mikil varnarbarátta.
- Á Bíldudal er fækkun á nemendum í grunnskóla, en fjölgun íbúa. Vill fólk ekki flytja á Bíldudal þar sem er 20 barna skóli.
- Vantar ungt fólk.

#### Innviðir

- Vesturbyggð er nýbúið með aðalskipulag, það sem þarf aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps að klára sem skiptir máli fyrir atvinnu- og byggðarþróun.
- Innviðirnir þrengja að möguleikum okkur á fjölbreyttu atvinnulífi, 3ja fasa rafmagn, netsamband og góðar samgöngur.
- Göngin eru byrjunin og endinn á allri stöðu og allri mögulegri þróun.
- Ákvarðanir eða skortur á ákvörðun stjórnvalda.

## Hverjir eru helstu styrkleikar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

Skjót til ákvarðanatöku vegna lítillar stjórnsýslu, hægt að bregðast hratt við.

Það er nóg af leikskólaplássi í Tálknafirði, samfélögin styðja við hvort annað með því að börn frá öðrum stöðum geta farið í leikskóla í Tálknafirði.

Getur stuðlað að rekstrarvænu umhverfi, ódýrar lóðir, samkvæmt skipulagi.

Velvilji íbúa og vilji til að hafa áhrif, eitthvað sem við getum nýtt okkur betur.

Rekstur Vesturbyggðar er í góðu jafnvægi og tilbúinn til að taka við áframhaldandi uppbyggingu.

Þrautsegja og kraftur í samfélaginu.

Getum byggt ofan á núverandi grunn í okkar stofnunum, skólum og kerfi. Höfum flottar einingar sem við getum byggt ofan á, engir veikir hlekkir í því sem við erum að reka. Erum auðvitað háð hverjum og einum, en heilt yfir erum við sterk.

Í krafti nokkurra skóla getum við sett heilt stöðugildi sérfræðinga, t.d. námsráðgjafa, bætt þjónustuna.

Gott pláss á hafnarsvæðinu, nýtt deiliskipulag af lóðum sem þýðir að hægt er að byggja upp hafsækna starfsemi.

Nálægð við íbúa og atvinnulíf.

Hvetja til og búa til nýsköpun, erum með kerfið, þurfum að vera meira próaktív og taka þetta með markvissari þætti.

Aðgengið að Vestfjarðastofu er kostur.

## Hverjir eru helstu veikleikar Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

Nálægð við íbúa og atvinnulíf, stutt í ákvarðanatöku og líka erfitt þegar það þarf að taka erfiðar ákvarðanir.

Vantar mannauð.

Kostnaður við yfirbyggingu hærrí en í öðrum sveitarfélögum, þar sem það eru færri íbúar sem standa undir rekstrarkostnaðinum.

Húsnæðisskortur.

Holræsakerfið, umhverfislausnir, hamlar við atvinnuþróun, þar sem það vantar pening í t.d. fráveituna.

Innviðaeiningarnar okkar eru litlar og viðkvæmar, vatnsveitan, fráveitan o.s.frv. Þarf lítið að gerast til að kerfin okkar fari á hliðina. Léleg yfirsýn yfir stöðu kerfanna. Uppsöfnuð viðhaldsþörf.

Fámennt og víðfermt sveitarfélag.

Litlar stjórnsýslueiningar sem eru veikar í samskiptum við stóra aðila af því að það vantar sérfræðiþekkinguna.

Kröfurnar orðnar miklar bæði frá samfélaginu sem við búum í og stjórnvöldum.

Fjármagnsskortur til að taka þátt í verkefnum utan lögbundinna verkefna.

Fjárþurrð hamlar framkvæmdum, internet, tækni og rafmagn.

Viðkvæmur rekstur, ef stór og erfið verkefni, bílar eða myglar eða veikist, þá er reksturinn viðkvæmur.

## Hverjir eru helstu ógnanir Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

Einsleit atvinnustarfsemi á svæðinu.

Ákvörðunarfærni og aðgerðarleysi stjórnvalda.

Ákvörðunarfærni og aðgerðarleysi stofnana.

Ákvarðanir í vegaf framkvæmdum

Samgöngur og vetrarþjónusta.

Stopp í vegambótum / vegagerð.

Baldur, lang tímastefna um Baldur.

Óskýr mörk stjórnsýslustofnana. Strandsvæðaskipulagið, hinar og þessar stofnanir beina á hvor aðra, engir vilja taka á verkefninu.

Rekstrarákvarðanir í fiskeldi sem við ráðum ekki við, stefnuleysi fiskeldis.

Lagabreytingar stjórnvalda.

Eitt stórt fyrirtæki breytir starfsemi.

Skortur á getu til móttöku ferðamanna.

Ógnun með móttöku skemmtiferðaskipa ef það verður ekki sett stefna

Of stutt sumar – ferðaþjónustulega séð

Ákvarðanir stjórnvalda varðandi strandveiðibátarnir, byggðakvótann, grásleppan og aðrar ákvarðanir og lagabreytingar í kringum þetta hefur mikil áhrif á hina boltana í körfunni okkar.

Rafmagn og fjarskipti

Of lítil þekking á svæðinu hjá stjórnvöldum

Tregða aðila í stjórnsýslunni við að bregðast við beiðnum um viðtöl/svör

Möguleg ósamstaða í málefnum sveitarfélaganna.

Verkefni sveitarfélaganna sem eru sífelld erfiðari og fjárfrekari, sem ríkið segir að við eigum að sinna, kröfurnar á sveitarfélögin um þjónustu, sem verður alltaf fjárfrekari og fjárfrekari og ekkert fjármagn sem fylgir – ekki metin fjárhagsleg áhrif lagabreytinga á sveitarfélög

Samdráttur á heimsvísu, bankahrun í Bandaríkjunum.

Stefna stjórnvalda í því að minni framlög berist til minni sveitarfélaga frá Jöfnunarsjóði.

Hverjir eru helstu tækifæri Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar í málaflokknum?

Hér séu fjölbreyttir möguleikar í atvinnuuppbyggingu. Einn starfsmaður hér er á við 100 í Reykjavík. Smáfyrirtæki eru mikilvæg. Molar eru líka brauð.

Stjórnvöld eru búin að taka ákvörðun um að sjókvíaeldi verði í sveitarfélaginu.

Áhrif á lagabreytingar í mótun umhverfi heillar atvinnugreinar.

Tækifæri í að fá hingað aukið eftirlit með fiskeldi

Bæta umræðu til þess að það sé traust til greinarinnar.

Tækifæri í upplifunar ferðaþjónustu.

Setja stefnu eins og varðandi ferðaþjónustuna. Fólk vill skoða Dynjanda, Látrabjarg og Rauðasand hér í okkar umhverfi. Setja stefnu um hvernig við viljum byggja þetta upp.

Afla sprota, efla nýsköpun í ferðaþjónustu – vinna eftir stefnumótun Vesturbyggðar í ferðaþjónustu.

Strandsiglingar, láta Eimskip koma við hér á Patreksfirði – ætla að sigla í báðar áttir, verði tvö skip á ferlinni um landið.

Jarðgöng til að efla allskonar starfsemi og samstarf

Erum flottur staður, sunnanverðir Vestfirðir, vera grófari með þetta – eigna okkur staðina, ströndina, inn í Breiðafjörðinn

Ódýrari byggingarlausnum sem eru að myndast á markaðinum.

Hátt fasteignaverð í Reykjavík með samkeppni um fólk.

Samstarf við Ölm, HMS og fleira varðandi uppbyggingu fasteigna.

Nýsköpun í atvinnurekstri, atvinnugreinar sem við sjáum ekki fyrir.

Nálæg við fiskimiðin og auðlindina. Mikil tækifæri til að ná þessu í gegn hjá okkur. Strandveiðibátarnir og allt í kringum það, slægingarþjónusta og allskonar.

Getum stuðlað að því með því að bæta aðgengi að raunfærnimati, hefur verið að koma þar að. Það þarf meira aðgengi að því. Vinnuálastofnun, Fræðslumiðstöð o.s.frv.

## Framtíðarsýn í málaflokknum

Hver er framtíðarsýn í málaflokknum?

Forgangsröðun verkefna við framtíðarsýn

1. **Jarðgöng og innviðir**, samgöngur og samskipti
2. **Nýjar atvinnugreinar**, nýsköpun, fjölbreytt störf, fullvinnsla
3. **Innviðaskuld verði greidd**
4. **Barnvænt samfélag**
5. **Fjölbreyttari búsetukostir**, nægt íbúðarhúsnæði
6. **Sátt og samlyndi og framtíðarsýn í laxeldi skýr**
7. **Öflugar sjávertengdar rannsóknir**, menntun
8. **Sumar allt árið í ferðaþjónustu**, stefnumótun, fjölbreytileiki og framtíðarsýn
9. **Jákvæð ímynd og vellíðan samfélagsins**, sætasta stelpa á ballinu